

Skrýttinn dagur hjá Gunnari



Söguna skrifaði Jón Guðmundsson með
aðstoð sonar síns Gunnars Kristins.



Skrýttinn dagur hjá Gunnari

ISBN 978-9979-0-2538-2
2003 © Jón Guðmundsson
2003 © teikningar Halldór Baldursson

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir
Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2003
Menntamálastofnun
Reykjavík

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun
Filmvinnsla og prentun: Prentsmiðjan Viðey ehf.



Mikið getur verið erfitt að vera 8 ára.
Rosalega erfitt.
Það getur svo margt komið fyrir.
Krakkar geta dottið af hjólinu sínu
eða sleðanum sínum.
Þeir geta fótbrotnað
eða dottið á hausinn og meitt sig.

Hvað getur komið fyrir krakka?



Þessi saga er um strák
sem heitir Gunnar.
Hann hefur oft dottið á hausinn.
Einu sinni þurfti að sauma
sárið saman.
Það var ekki gott.

Einn daginn þegar
Gunnar vaknaði
var hann orðinn veikur.
Hann gat ekki farið í skólann.

Hvað kom fyrir Gunnar?



– Æ, æ, sagði mamma
nú verður þú að vera í rúminu
og passa þig vel.

Hvað sagði mamma við Gunnar?

Mamma fór í vinnuna.
Pabbi var heima
hjá Gunnari.




– Ó, ó, sagði Gunnar.
Honum fannst leiðinlegt
að vera veikur.
Gunnar vildi fara í skólann
og út að leika.

Pabbi hélt að Gunnar
væri sofandi.
Hann fór að fá sér
morgunmat
og lesa blaðið,
alveg rólegur.

Þá kallaði Gunnar:
– Pabbi, pabbi!
Pabbi kom hlaupandi
til Gunnars.

Hvað fannst Gunnari leiðinlegt?
Hvað fór pabbi að gera?



– Mér líður svo illa
í maganum.
Ég þarf að gubba,
sagði Gunnar.
Pabbi hljóp
fram í þvottahús
til að ná í fötu.
Hann vildi ekki að Gunnar
gubbaði yfir allt rúmið.



Hvar fann Gunnar til?



Pabbi greip fötuna og flýtti sér
með hana til Gunnars.
En pabbi flýtti sér of mikið.
Hann rak tána í Legó-bílinn
hans Gunnars
og skall með höfuðið
í bókahilluna á ganginum.

Í hvað rak pabbi tána?

Hillan datt ofan á pabba.
Lætin voru rosaleg.

Þegar Gunnar heyrði lætin
varð hann alveg hissa
og pínulítið hræddur.
Hann gleymdi alveg
að hann þyrfti að gubba.
Hann hljóp fram á gang.


Þar sá hann pabba
undir bókahillunni.
Hann lá á gólfinu
með rauða fötu á höfðinu.

Hvað var pabbi með á höfðinu?



Gunnar varð hræddur.
Gunnar varð hræddur
um pabba.
Er hann dáinn,
hugsaði Gunnar.

Af hverju varð Gunnar hræddur?





Gunnar bankaði í fötuna.
Hann spurði pabba
hvort hann væri dáinn.
Pabbi svaraði ekki.
Gunnar bankaði aftur í fötuna.
Hann sagði: Pabbi, pabbi.
En pabbi svaraði ekki.

Hvað á ég að gera, hugsaði
Gunnar.

Á ég að hringja í lögguna?

Á ég að hringja á sjúkrabíl?

Á ég að hringja í mömmu?

Hvað á ég að gera?

Gunnar hugsaði og hugsaði.

Svo datt honum ráð í hug.

Hvað hugsaði Gunnar?



Gunnar náði sér í nál.
Hann vissi að fólk
sem fær nál í rassinn
öskrar og öskrar.
Ja, nema það sé dáíð.
Hann stakk nálinni í rassinn á pabba.
Pabbi öskraði og öskraði.
Mikið varð Gunnar feginn.
Pabbi var þá ekki dáinn.


– Hvað ertu að gera strákur?
hrópaði pabbi.

– Ég hélt þú værir dáinn,
sagði Gunnar.

– Dáinn, sagði pabbi.
Kannski er ég dáinn.

Ég sé allt rautt.

– Þú ert með rauða fötu
á hausnum, sagði Gunnar.



Var pabbi dáinn?






– Er ég með hausinn í fötu?
– Já, pabbi minn,
þú ert með hausinn
í gubbufötunni.

Pabbi var svo ruglaður.
Hann mundi ekki hvað
hafði komið fyrir.

Þá sagði Gunnar:
– Ég var veikur og þurfti að
gubba.
Þú fórst að ná í fötu.
Þú flýttir þér allt of mikið.
Þú steigst á Legó-bílinn minn
og rakst þig á hilluna.
Hillan datt ofan á þig.
Það urðu mikil læti.





Þegar ég kom fram
varstu hér á gólfinu með
rauða fötu á höfðinu.
Nú mundi pabbi allt.
Hann reyndi að standa upp.
Hann tók fötuna af höfðinu.

– En þú ert veikur,
sagði pabbi við Gunnar.
Þú þarft að gubba.

– Ha, sagði Gunnar.
Já, mér var illt í maganum.
En nú er ég frískur.

Þetta fannst pabba skrýtið.
Gunnar var orðinn frískur.

Hvað fannst pabba skrýtið?

En pabbi var ekki frískur.
Hann var með
stóra kúlu á höfðinu.
Kúlan var rauð eins og fatan.
Eldrauð.
– Mér er illt í höfðinu,
Gunnar minn.
Ég ætla upp í rúm.

Hvað var á höfðinu hans pabba?



– Þú mátt fara í mitt rúm,
sagði Gunnar.


– Má ég það, þú ert góður strákur,
sagði pabbi.

Pabbi fór upp í rúmið hans Gunnars.

Nú er pabbi veikur en ég frískur,
hugsaði Gunnar.

Skrýtið!

Í hvaða rúm fór pabbi?



Gunnar hugsaði vel um pabba.
Hann gaf honum vatn að drekka.
Hann gaf honum lýsi.
Hann gaf honum ópal.
Hann lét hann hafa
trefil um hálsinn.
Gunnar setti líka
plástur á kúluna
en ekki batnaði pabba.

– Ég held að ég þurfi að gubba,
sagði pabbi.
Æ, æ, hugsaði Gunnar.
Aumingja pabbi.
Hvað á ég að gera?
Gunnar fann rauðu fötuna.

Hvað setti Gunnar á kúluna hans pabba?






Svo gubbaði pabbi.
Gunnar hjálpaði honum
og hugsaði vel um pabba sinn.
Gunnar las fyrir hann
og gaf honum að drekka.
Svo sofnaði pabbi
og svaf allan daginn.

Pegar mamma kom heim
úr vinnunni varð hún alveg hissa.
Gunnar var að laga Legó-bílinn sinn,
ekkert veikur.
Pabbi lá uppi í rúminu
hans Gunnars, sofandi.

Hvernig hugsaði Gunnar um pabba sinn?
Af hverju varð mamma hissa?







Gunnar sagði mömmu
alla söguna.
Hann sýndi henni rauðu
kúluna á pabba.
Mamma hló að kúlunni.
Gunnar fór líka að hlæja.
En pabbi hló ekki.
Hann var steinsofandi
með bros á vör.

Hvað gerði mamma þegar hún sá kúluna?

Til kennara og foreldra!

Bæði kennarar og foreldrar vita hversu stórt bil getur verið milli áhugasviðs og þroska 6–9 ára nemanda og textans sem hann er fær um að lesa. Smábókaflokkur Menntamálastofnunar er tilraun til að brúa þetta bil. Reynt er að höfða til ólíkra áhugasviða barnanna með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu. Bækurnar eru ríkulega myndskreyttar og lögð áhersla á að þær höfði bæði til tilfinninga og rökhugsunar og ekki síst til kímnigáfu lesenda.

Smábókaflokknum fylgja ekki vinnubækur. Á vefsíðu Menntamálastofnunar eru kennsluhugmyndir eftir Ragnheiði Gestsdóttur sem gilda fyrir Smábækurnar. Þar eru sett fram dæmi um verkefni sem tengjast efni hverrar bókar fyrir sig. Verkefnin henta fyrir einstaklingsvinnu og hópvinnu, málfræði, ritun, myndvinnslu og munnlega tjáningu. Hér á eftir eru dæmi um verkefni með bókinni *Skrytinn dagur hjá Gunnari* sem finna má á vefsíðunni.

Umræður heima og í skólanum

Óhöpp og slys. Hverjir hafa orðið fyrir óhöppum og slysum? Hvernig er hægt að komast hjá slíku?

Veikindi. Hver er heima og lítur eftir okkur þegar við getum ekki farið í skólann? Hvað er hægt að gera þegar maður verður að liggja í rúminu?

Fyrsta hjálp. Hvað á að gera ef einhver verður fyrir slysi? Hvað finnst ykkur um ráð Gunnars til að vita hvort pabbi væri dáinn? Kunnið þið aðrar leiðir? Hvað má gera og hvað má ekki gera ef einhver hefur slasast?

Búa til bók

Bókin okkar um slys og óhöpp. Frásagnir og teikningar.

Símaskráin mín. Hvert barn gerir símaskrá með númerum bekkjarfélaga sinna, ættingja og nágretta. Neyðarnúmer fremst í skránni.

Leikræn tjáning

Þegar ég er veik/veikur heima.

Á biðstofu læknisins.

Sjúkrabíllin kemur.



Skrýttinn dagur hjá Gunnari

Þessi saga er um strák
sem heitir Gunnar.
Einn daginn vaknaði hann
og var orðinn veikur.

En þá gerðist dálítið óvænt.

Lestu um það.

Smábækur Menntamálastofnunar
eru einkum ætlaðar börnum sem eru
að læra að lesa.

Saga eftir Jón Guðmundsson með
teikningum eftir Halldór Baldursson.



MENNTAMÁLASTOFNUN
40279

